

Bókverk sem einkennast af fjölbreytileika

Sýningin Borderlands stendur yfir í Landsbókasafni Íslands. Sextán listamenn frá sjö löndum sýna þar ýmiss konar bókverk, sem sum hver minna á skúlptúra. Hluti verkanna var sýndur í Bandaríkjunum.

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Í aðarlönd – Borderlands er sýning í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni á bókverkum sextán listamanna frá sjö löndum. Kristín Þóra Guðbjartsdóttir er í hópi listamannanna og er einnig sýningarstjóri. Sýningin er á vegum bókverkahópsins Arkir sem starfað hefur frá árinu 1998 en meðlimir hópsins sinna öllu jafna margvíslegri listsköpun á sviði málara- og grafiklistar, ritlistar, myndlýsinga og hönnunar.


„Við erum ellefu listakonur sem erum í bókverkafélaginu Arkir og vinnum listrænar bækur en bókverk er samheiti yfir listaverk sem tengjast á einhvern hátt bókinni að formi eða hugtaki. Þegar sumar bókanna eru opnaðar minna þær helst á skúlptúra en aðrar eru frásagnakenndari í texta og myndum og meira í ætt við hefðbundnari bækur eins og við þekkjum þær,“ segir Kristín. „Við erum tíu Arkir sem eigum verk á þessari sýningu og auk okkar eru sex erlendir gestir, frá Litháen, Bandaríkjunum, Noregi, Danmörku, Póllandi og Bretlandi.“

Sýningar í Bandaríkjunum

Sýningin er samsett úr nýlegum verkum sem aðeins hafa verið sýnd í Bandaríkjunum á farand-sýningunni Borderlands. „Rebecca Goodale, vinkona mín sem einnig á verk hér á sýningunni, stýrir bókverkadeildinni hjá University of Southern Maine í Portland og bauð mér að sýna í sýningarsal bókasafnsins þar. Ég sá mér ekki fært að sýna ein og fékk vinkonur mínar í Örkuinum til liðs við mig en við vorum byrjaðar að vinna með Land-konseptið og ákváðum að þau verk væru upplögð vestur um haf. Frá Portland Maine fór sýningin til Washington-fylkis og síðan bað University Museum of Fine Arts í Tallahassee í Flórída um að fá hluta af þessum verkum á sýninguna Elemental Iceland. Nú eru verkin á þessari sýningu hér,



„Listamennirnir eru að kanna lönd og mæri,“ segir Kristín Þóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Verk eftir Kristínu Þóru á sýningunni.

ÞEGAR SUMAR BÓKANNNA ERU OPNAÐAR MINNA ÞÆR HELST Á SKÚLPTÚRA EN AÐRAR ERU FRÁSAGNAKENNDARI Í TEXTA OG MYNDUM OG MEIRA Í ÆTT VIÐ HEFÐBUNDNARI BÆKUR EINS OG VIÐ ÞEKKJUM ÞÆR.

auk bókverka erlendu gestanna,“ segir Kristín.

Margvíslegar aðferðir

Titill sýningarinnar vísar til heima á jaðri veraldar. „Listamennirnir eru að kanna lönd og mæri, texta og tungumál, náttúru og menningarheima frá ólíkum sjónarhornum,“ segir Kristín. „Fjölbreytileiki er einkenni á sýningunni og verkin

eru flest öll nýleg. Aðferðirnar eru margs konar: þrívíð pappírsbrot, málun og teikning, þrykk- og textilaðferðir og sitthvað fleira. Verk okkar Íslendinganna bera með sér að við höldum okkur til hlés í litapallettunni, en bókverk Rebecca Goodale frá Bandaríkjunum og pólsku listakonunnar Bózka Rydlewska eru mun litríkari, þá sérstaklega pop-up verkið Lótus eftir Bózka sem er sannkölluð litasprengrja.“

Kristín segir yfirleitt fá eintök gerð af hverju bókverki. „Oft er þetta bara eitt eintak en stundum fjölfölduð en sjaldan í miklu magni.“ Hún segir marga listamenn gera bókverk og nefnir Dieter Roth sem hafi á sínum tíma gert mörg áhugaverð bókverk.

Þessi afar áhugaverða og fallega sýning stendur fram til sunnudagsins 20. september.